

# Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 12.04.2019

## Fundur 2-2019

---

Fundur haldinn í sveitastjórn Skagabyggðar föstudaginn 12. apríl 2019 í Skagabúð kl. 14:00.

Mætt voru: Dagný Rósa Úlfarsdóttir, Kristján Steinar Kristjánsson, Magnús Björnsson, Magnús Guðmannsson og Karen Helga R. Steinsdóttir.

Oddviti setti fund og stjórnaði honum.

### Dagskrá:

1. Kálfshamarsvík
2. Fasteignagjöld, staðfesting gjalddaga og innheimta
3. Skýrsla oddvita
4. Bréf og fundargerðir
  - a) Samband íslenskra sveitarfélaga
  - b) Byggðastofnun v/ þjónustukorts
  - c) Yfirlit um tekjur og framlög Jöfnunarsjóðs 2019
  - d) Eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga
  - e) Bréf frá Húnavatnshreppi
  - f) Bréf frá Forsætisráðuneytinu
  - g) Bréf frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu
5. Önnur mál

### 1. Kálfshamarsvík

Sveitarfélagið hefur hlotið styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða upp á 13.000.000 til að bæta aðstöðu fyrir ferðafólk í Kálfshamarsvík. Um er að ræða lagningu göngustíga, gerð bílastæðaplans, koma þarf upp salernisaðstöðu, leggja vatnslagnir og koma upp upplýsingaskiltum um sögu svæðisins. Einnig að bæta aðkomu með því að lagfæra vegslóða að svæðinu. Ákveðið að hafa fyrst samband við Landslag varðandi auglýsingu um skipulag og leita til aðila á svæðinu með að vinna ákveðna verkþætti í framhaldinu.

### 2. Fasteignagjöld, staðfesting gjalddaga og innheimta

Ákveðið að breyta innheimtu fyrirkomulagi á fasteignagjöldum og sorphirðugjaldi á þann veg að reikningar verða keyrðir í gegnum bankakerfi. Ákveðið að bjóða upp á að greiða í tvennu lagi með gjalddaga 1.október og 1. nóvember.

### 3. Skýrsla oddvita

Staðfesta þarf kjör oddvita og ritara í sveitastjórn og staðfesta nefndir vegna athugasemda frá innri endurskoðun KPMG. Sveitarstjórn staðfestir fyrri ákvarðanir varðandi kosningar í öll embætti innan sveitarfélagsins.

Lausnamið ehf. hefur tekið að sér að gera húsnæðisáætlun fyrir Skagabyggð.

# Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 12.04.2019

## Fundur 2-2019

---

Oddviti sat fund almannavarnarnefndar Húnavatnssýslna í mars.  
Boðað er til Héraðsnefndarfundar 24. apríl í Fellsborg.  
Rætt um að finna verktaka til að taka að sér girðingar á vegum sveitarfélagsins.

### 4. Bréf og fundargerðir:

- a. **Samband íslenskra sveitarfélaga**  
Fundargerð frá fundi nr. 869 lögð fram til kynningar
- b. **Byggðastofnun v/þjónustukorts**  
Kynning á samfelldu þjónustukorti fyrir landið sem Byggðastofnun vinnur að. Oddvita falið að vera tengiliður við verkefnið og falið að undirrita samstarfssamning.
- c. **Yfirlit yfir tekjur og framlög Jöfnunarsjóðs 2019**  
Lagt fram til kynningar.
- d. **Eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga**  
Bréf um almennt eftirlit með því að fjármál og fjármálastjórn sveitarfélaga séu í samræmi við lög og reglur. Lagt fram til kynningar.
- e. **Bréf frá Húnavatnshreppi**  
Kynnt fyrir sveitarstjórn hugmynd um stofnun byggðasamlags um mannvirkjamál. Undir hana myndu meðal annars falla skipulags- og byggingamál.
- f. **Bréf frá Forsætisráðuneytinu**  
Fundarboð frá Forsætisráðuneytinu á fund um málefni þjóðlendna 7. júní kl 10:00 í Húsi Frítímans. Forsvarsmönnum fjallskilaneftnda er boðið á fundinn.
- g. **Bréf frá samgöngu- og sveitarsjórnarráðuneytinu**  
Efni bréfsins er niðurstaða Eftirlitsnefndar fjármála sveitarfélaga vegna ákvæðis í sveitarstjórnarlögum um miklar fjárfestingar. Niðurstaða Eftirlitsnefndarinnar er sú að sveitarfélaginu bar að láta fara fram mat á áhrifum á fjárhag sveitarfélagsins við lagningu ljósleiðara og þriggja fasa rafmagns árið 2014. Það er niðurstaða ráðuneytisins að hreppsnefnd Skagabyggðar hafi borið að gera sérstakt mat á áhrifum umræddra fjárfestinga í samræmi við ákvæði 2. mgr. 66. gr. áður en hún tók ákvörðun um að leggja í þær. Ráðuneytið óskar eftir upplýsingum frá hreppsnefnd hvernig hún hyggist bregðast við tilmælum þess að tryggja að fjármálastjórn sveitarfélagsins sé framvegis í fullu samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga og reglna settum samkvæmt þeim.  
Oddvita falið að svara ráðuneytinu.

### 5. Önnur mál

- a. Oddviti lagði fram eftirfarandi bókun vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.  
*Sveitarstjórn Skagabyggðar lýsir yfir vonbrigðum með frumvarpið og telur að verði það lögfest muni það ógna lýðheilsu þjóðarinnar og heilbrigði búfjár í landinu en þegar hefur komið fram að Alþjóða*

# Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 12.04.2019

## Fundur 2-2019

---

---

heilbrigðisstofnunin (WHO) telur sýklalyfjaónæmi eina helstu ógn sem steðjar að lýðheilsu í heiminum í dag. Það er skoðun sveitarstjórnar að lýðheilsa og matvælaöryggi eigi ávallt að veða þyngra en viðskiptahagsmunir. Flestar þjóðir eru með virkar varnir til handa innlendri matvælaframleiðslu, til að viðhalda matvælaöryggi, framleiða heilnæmar búvörur og til að viðhalda byggð. Mörg og stór landsvæði eru á landinu þar sem landbúnaður er aðalvinnugreinin og undirstaða og forsenda byggðar á stórum svæðum. Hætt er við að landbúnaður leggist af eða dragist saman í stórum stíl ef frumvarpið verður að lögum.

Sveitarstjórn hvetur íslensk stjórnvöld til að kanna hvort endurskoða megi viðkomandi ákvæði innan EES samningsins með það að markmiði að sækja um undanþágu fyrir Ísland vegna lítillar notkunar á sýklalyfjum í landbúnaði.

Ef frumvarpið verður að lögum má búast við auknum kostnaði innan íslenska heilbrigðiskerfisins vegna sýkinga af völdum fjölmæmra baktería í framtíðinni, lág sjúkdómatíðni og hreinar landbúnaðarvörur eru mikils virði.

Bókun þessi er samþykkt af sveitarstjórn og verður send á þingmenn kjördæmisins og ráðherra.

- b. Umræður um ferð sveitarstjórnarmanna til Borgundarhólms á vegum SSNV í lok mars.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundi slitið kl. 16:40

---

Dagný Rósa Úlfarsdóttir

---

Magnús Björnsson

---

Magnús Guðmannsson

---

Karen Helga R. Steinsdóttir

---

Kristján Steinar Kristjánsson